

16. fundur fundur húsnefndar Végarðs 12.02 2016, kl. 13.15

Mætt eru: Gunnar , Gunnþórunn og Anna Jóna

1. Húsnefnd mælir með að tilboði Rafkuls ehf, um kaup og uppsetningu á LG varmadælu (loft í loft) verði tekið. Varmadælan verði sett upp í stóra sal. Kostnaður áætlaður um 600 þús. Síðar verði skoðað hvort annarri varmadælu verði bætt við .

2. Fyrir liggja eftirfarandi pantanir um notkun á Végarði næsta sumar:

8-10 júlí	Ættarmót
15-17 júlí	Brúðkaupsveisla
22-24 júlí	Brúðkaupsveisla
5-7 ágúst	Brúðkaupsveisla
12-14 ágúst	Afmælisveisla

3. **Gjaldskrá 2016, viðmið**

Helgarleiga kr. 55.000,-

Sólarhringur kr. 30.000,-

Dagsleiga/fundir kr. 7.500-17.500, - eftir tímalengd

Ath. Kostnaður vegna Stef gjalda leggst ofan á leigugjöld, sé um slíkar samkomur að ræða.

Þrif: Viðmið kr. 12.000,-, ef kalla þarf út ræstingarkraft til starfa s.s. eftir helgarleigu og húsinu ekki skilað hreinu.

4. **Viðhald 2015.**

Flísalagður var veggur í sturtu í WC fatlaðra og rýmið málað að hluta , einnig var gert við vegg í skjalageymslu þar sem rakaskemmd var.

Ekki er lokið við að lagfæra rafmagnstengingar á tjaldstæði sem Frumherji hefur gert athugasemdir við. *Það þarf að gerast á þessu ári.*

Skilti við afleggjara að Végarði var endurnýjað eftir að fyrra skilti fauk.

Skiltastand(grjóthleðsla og stálrammi) var settur upp sl. sumar í nágrenni við lestina. Fyrirhugað er að þar komi skilti með fróðleik um nágrenni Végarðs og göngustíg upp Tröllkonustíg frá Végarði í Skriðuklaustur.

Vinnuskóli annaðist að mestu umhirðu lóðar síðast liðið sumar.

5. **Annað:**

Skrafað hefur verið undir endurbættan samning við Klausturkaffi (breyting sem húsnefnd hefur samþykkt).

Kortasamningur við Borgun hefur verið endurnýjaður.

Skoðað var þegar munum var ráðstafað úr Hallormsstaðaskóla hvort þar væri píanó sem hentaði í Végarð, en niðurstaðan að svo væri ekki. Varðandi ástand á því hljóðfæri sem nú er í Végarði, þá hefur Jón Óli litið á það og hans mat var að hljóðfærið þyrfti aðhlynningar við og notkunar, ef það ætti alltaf að vera í notkunarstandi. En stór hrærivél (með hakkavél) kom í Végarð frá Hallormsstaðaskóla.

3 birkiplöntum var plantað á lóð Végarðs í tilefni af því að 35 ár eru liðin frá því Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti.

2 hátalarar í sýningarsal eru ónýtir og þarf að kaupa nýja.

Þörf er á að lakka upp handrið á svölum á eftir hæð.

Hafa þarf í huga þegar eldhús er notað að eldhúsháfur og loftræsting eru samtengd, þannig að ef slökkt er á loftræstingu er ekki hægt að hafa háfinn í gangi. Þetta er ekki gott fyrirkomulag og ástæða til að fá rafvirkja til að skoða hvort ekki sé hægt að breyta þessu.

Málningarskemmdir eru nokkrar á útveggjum Végarðs, sérstaklega eldri hluta hússins, þörf er á að mála húsið áður en frekari skemmdir verða.

Rætt um ýmsa lausamuni sem huga mætti að kaupum á s.s. : 50-60 bollapörum, nokkrum kjötfötum, endurnýja potta, kaupa pönnu/r, stærri skálar og bæta við fleiri vatns-og hitakönnum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.15

Gunnþórunn skrifaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfadóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsadóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)